



Gunnar Einarsson
bæjarstjóri

Efni: Breytingar á starfsemi Vífilsskóla í Garðabæ

Ágæti viðtakandi.

Framkvæmdastjórn Hjallastefnunnar ákvað á fundi sínum í byrjun júlí að leggja niður miðsstig Vífilsskóla í Garðabæ frá haustinu 2016. Ástæðan er fyrst og fremst sú að félagið getur ekki mætt þörfum nemenda með þeim hætti að það samræmist hugmyndafræði og markmiðum félagsins miðað við þann fjárhagsramma sem samningur félagsins við sveitarfélagið skapar skólastarfinu. Viðvarandi tapreksturs á miðstigs starfi í Vífilsskóla hefur orðið félaginu þungur og niðurstaðan nú er því þessi.

Eins og kunnugt er hafa miðstigs nemendur þ.e.a.s. nemendur í 5., 6. og 7. bekk stundað nám í Vífilsskóla frá því haustið 2010. Engin breyting verður á rekstri Hjallastefnunnar á Barnaskólanum í Garðabæ.

Í samningi Hjallastefnunnar við Garðabæ um rekstur grunnskóla kemur fram að forsendur fjárveitinga eru meðaltalsfjárveiting til grunnskóla í Garðabæ og er þeim kostnaði ætlað að standa undir öllum kostnaði við rekstur grunnskólans þar á meðal sérfræðipjónustu og stuðningi við nemendur sem á þurfa að halda. Sú staða hefur hins vegar verið uppi hjá Vífilsskóla að fleiri nemendur hafa þurft sérfræðipjónustu og stuðning en almennt gengur og gerist.

Það eru aðstandendum Hjallastefnunnar mikil vonbrigði að þetta skuli vera niðurstaðan sérstaklega í ljósi þess að ný rannsókn sýnir námsárangur umfram meðaltal hjá nemendum sem stundað hafa nám í skólum Hjallastefnunnar og ástæður þess að kennsla hófst á miðstigi Vífilsskóla var fyrst og fremst vegna hvatningar frá foreldrum sem hafa átt börn í öðrum skólum Hjallastefnunnar. Fyrst og fremst er mikilvægt að allir nemendur fái þjónustu við hæfi. Hagsmunir nemenda Hjallastefnunnar eru alltaf í forgrunni og í þessu tilfelli er það mat öflugs fagfólks að þeim sé betur borgið þannig að nemendur sækji annan skóla á vegum sveitarfélagsins þar sem vonandi verður unnt að mæta þörfum þeirra með markvissari hætti til lengri tíma.

Það er vissulega fagnaðarefni að foreldrar nemenda leiti í hugmyndafræði Hjallastefnunnar, sem í grunninn byggir á því að hverju barni sé mætt eins og það er og ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga séu virtar og viðurkenndar. Sá góði árangur skólanna sem blasir við í könnunum staðfestir einnig mikilvægi þess að þessu góða skólastarfi sé haldið áfram og mikill vilji og áhugi er innan Hjallastefnunnar til að starfa á miðstigi í Garðabæ líkt og annars staðar. Það er því von okkar að þess verði ekki langt að bíða að lausn verði fundin á þessum málum í samstarfi við Garðabæ þannig að hægt verði að bregðast við aðstæðum sem þessum af fagmennsku og án þess að til komi taprekstur.

Foreldrar hafa verið upplýstir um þessa ákvörðun og harma hana mjög. Flestir hafa tekið þá ákvörðun að vera með okkur síðasta skólaár Vífilsskóla að sinni.

Með vinsemd og virðingu,

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir
Framkvæmdarstjóri Hjallastefnunnar

**Afrit sent á Margéti Björk Svavarsdóttur forstöðumann fræðslu- og menningarsviðs og Katrínu Friðriksdóttur deildarstjóra skóladeildar.*